



GRA3A05 – Grafísk hönnun

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Kristín María Ingimarsdóttir

Netfang/netföng:

kristin.ingimarsdottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum vinna nemendur sjálfstætt að verkefnum á nokkrum ólíkum á sviðum grafískrar hönnunar. Þeir skilgreina verkefni sín og gera vinnuáætlanir í samráði við kennara. Áhersla er lögð á sjálfstætt, meðvitað og gagnrýnið vinnuferli frá upphaflegri hugmynd til lokafrágangs. Við lok áfangans eiga nemendur að hafa ígrundað, þróað og öðlast þjálfun í framsetningu hugmynda og upplýsinga með aðferðum grafískrar hönnunar. Samhliða eigin verkefnavinnu og kynningu á henni ræða nemendur reglulega verkefni hvers annars auk þess að kanna viðfangsefni fagmanna á þessu sviði.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:**Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum og gildi skipulegrar rannsóknar- og hugmyndavinnu við hönnun prentgripa.
- notkun rétttra forrita við vinnslu verkefna, (Psd, Ai og Ind).
- mikilvægi þess að leita í smiðju fagmanna á sviði grafískrar hönnunar.
- Frágangi prentgripa til prentunar í prentsmiðju.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér hugmynda- og skissuvinnu við lausn verkefna.
- bera saman, vega og meta áhrif ólíkra lausna á sviði grafískrar hönnunar.
- nota hugkort og skissur við hugmyndavinnu.
- afla sér viðeigandi tækniþekkingar á eigin spýtur við lausn verkefna.
- raða saman texta og myndum á markvissan hátt.
- ganga frá verkum til prentunar í prentsmiðju.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa eigin hugmyndir á sviði grafískrar hönnunar. Námsmat: verkefnamat, leiðsagnarmat.
- sýna áræðni og hugkvæmni við lausn verkefna. Námsmat: verkefnamat, leiðsagnarmat.
- rökstyðja, gagnrýna og greina eigin hugmyndir og annarra. Námsmat: frammistöðumat, leiðsagnarmat.
- vinna sjálfstætt að skipulagningu, úrvinnslu og frágangi prentefnis. Námsmat: verkefnamat og leiðsagnarmat.
- Kynna verk sín á skýran og faglegan hátt. Námsmat: frammistöðumat.

Námsmat:

Verkefnavinna, frammistöðumat, leiðsagnarmat og símat (ástundun, þátttaka og framfarir).

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Mat á verkefnum:

Verkefni	85%	Skiptist í
Kynning á verkefni / hugmynd		5%
Almenn virkni, sýnileiki, skissuvinna og skipulag verkferlis (gefið fyrir eftir lokaskil)		10%
Kynning við skil verkefnis, þátttaka í umræðum um eigið verk og annarra.		5%
Lokaútfærsla		80%
Kynning og skissubók: Leturgerðir, ígrundun, einkenni, saga og útfærsla í skissubók / 10% . Skissubók / 5%	15%	
SAMTALS	100%	

Námshögn:

Nauðsynlegt er að eiga skissubók, blýanta, tússpenna, reglustiku og nokkra liti, (tréliti, tússliti). Helstu forrit sem notuð eru í áfanganum: Illustrator, Photoshop og InDesign og boðið upp á lán á iPad.

Verkefni og vægi:

- | | |
|---|-----|
| 1. Verkefni / Sjálfsmýnd /Stíll / tímabil / plakat | 20% |
| 2. Kynning / Leturtegundir / Kynning og sjálfstæð útfærsla | 10% |
| 3. Verkefni / Hönnun á kynningare. F.tónleika í samstarfi við MÍT/ plötuumsl. | 25% |
| 4. Verkefni / Myndlýsingar og umbrot / samstarf við nemendur í ísl. í Borgó | 20% |
| 5. Verkefni / Bókakápa, hönnun | 10% |
| 6. Verkefni / Torg listamessa - hugsanlegt samstarf við SÍM? | 15% |

<https://www.tutengraphics.com/how-graphic-design-can-change-the-world/>

<https://thebroodle.com/graphic-designing/7-ways-your-graphic-design-can-have-a-huge-impact-on-our-culture/>

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5. jan	Fyrsti dagur kennslu - enginn tími	20%
2	8.-12. janúar	1. Verkefni / Sjálfsmýnd / stíll / tímabil / plakat / – verkefni kynnt	
3	15.-20. janúar	Rannsóknarvinna, skissuvinna – kynning á hugmynd. Hönnunarvinna	
4	23.-27. janúar	Frágangur og skil á verkefni 1. (25. jan.) 2. Kynning / Leturtegundir / einkenni, hönnuðir og saga / Eigin útfærsla .	Skil / kynning 10%
5	30. jan- 3. feb.	Skil á verkefni 2 (1. feb.) 3. Verkefni / Hönnun á kynningarefni / Samstarf við MÍT / tónleikar í mars. Hugmynda- og skissuvinna. (27. jan.)	30%
6	6.-10. febrúar	Hugmynda- og skissuvinna	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Hönnunarvinna	Varða 1 Vorannarhlé Skil / kynning
8	21.-25. febrúar	Hönnunarvinna, hreinteikning	Vorannarhlé
9	28. feb. - 3. mars	Frágangur og skil á verkefni 3 (3. mars) Fullklára og ganga frá verkum í prentun og útbúa kynningarefni.	Skil / kynning
10	6.-10. mars	4. Myndlýsingar / bókahönnun Kynning á verkefni, skilpulgning á umbrot i og teikningum	25%
11	13.-17. mars	Teikning, hönnun og umbrot	
12	20.-24. mars	Teikning, hönnun og umbrot	Varða 2
13	27.-31. mars	Frágangur, prentun og uppsetning á sýningu / kynningar Frágangur og skil á verkefni 4 (31. mars)	
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	5. Hverju vil ég breyta / skissu- og hugmyndavinna	15%
16	17.-21. apríl		Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Hönnunarvinna	
18	1.-5. maí	Hönnunarvinna, yfirferð og prentun / skil á verkefni 5 (5. maí)	
19	8.-12. maí		
20	15.-16. maí	Frágangur og skil	Lokaskil

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.